

Samþykktir fyrir Gildi - lífeyrissjóð, 1. júlí 2006.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Gildi - lífeyrissjóður.
Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.
- 2.4. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Í 22. kafla samþykka þessara er fjallað sérstaklega um séreignardeild sjóðsins.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Aðild að lífeyrissjóðnum eiga allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan, og byggja ráðningarbundin starfskjör á kjarasamningum þeirra stéttarféлага og sambanda sem eiga aðild að sjóðnum eða starfa í starfsgreinum þar sem kjarasamningar aðildarfélaganna eru ákvarðandi um lágmarkskjör, enda sé aðild þeirra ekki á annan veg ákveðin í kjarasamningi einstaks aðildarfélags hlutaðeigandi samtaka. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.
- 3.2. Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórufélagið Sleipnir, Efling-stéttarfélag, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag hársnyrtisveina, Sjómannasamband Íslands, Vélstjórufélag Íslands og Verkalýðsfélagið Hlíf, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda. Þá á Landssamband smábátaeigenda aðild að sjóðnum.
- 3.3. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.
- 3.4. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjald berst sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá aðila sem ekki eru bundnir kjarasamningum, eða að ráðningarbundin starfskjör þeirra byggjast ekki á kjarasamningi, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.
- 3.5. Sjómenn sem hefðu átt rétt til aðildar að Lífeyrissjóði sjómanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1999 eiga sama rétt til aðildar að Gildi - lífeyrissjóði, án tillits til annarra ákvæða samþykka þessara.
- 3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita íslenskum launamönnum sem starfa erlendis, s.s. sjómönnum sem starfa á skipum skráðum erlendis, aðild að sjóðnum, enda komi þá réttindi aðeins fyrir þau iðgjöld sem sjóðnum berast þeirra vegna.
- 3.7. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum atvinnurekenda og launamanna sem að sjóðnum standa að tryggja starfsmenn sína í sjóðnum.
- 3.8. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launamanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

- 3.9. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við Gildi - lífeyrissjóð. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stéttarfélag sem að slíkum sjóðum standa fá fulla aðild að fulltrúaráði skv. gr. 5.3. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997.
- 3.10. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð. Brottfall aðildar skulu aðildarfélag sjóðsins tilkynna skriflega með 6 mánaða fyrirvara og miðast við áramót.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Átta varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðsfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarendi aðkomu að stjórn sjóðsins.
- 4.2. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðarbók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.
- 4.6. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.7. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir ákvæðum greinar 4.2.
- 4.8. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.

- 4.9. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
- 4.10. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.11. Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framantölu.
- 4.12. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi eða horfið úr stjórn.
- 4.13. Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins skulu sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Sjóðstjórn skal setja sjóðnum hluthafastefnu sem leggi meginlínur um það hvernig sjóðurinn stendur að viðskiptum á hlutabréfamarkaði og um afstöðu hans til félaga sem fjárfest hefur verið í.

5. Ársfundur.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 5.2. Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Skylt er stjórn að boða til aukafundar ef aðildarsamtök sjóðsins krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarsamtaka sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykpta þessara. Skipunartími fulltrúa er tvö ár. Stéttarfélag sem að sjóðnum standa tilnefna alls 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði. Fjöldi fulltrúa einstakra aðildarsamtaka skal vera í samræmi við vægi iðgjaldsgreiðslna félagsmanna þeirra til sjóðsins og skal það reiknað út fjórða hvert ár miðað við iðgjaldsgreiðslur félagsmanna hlutaðeigandi félaga næsta ár á undan og ákvarðar sá útreikningur fjölda fulltrúa einstakra aðildarfélaga/samtaka í fulltrúaráðinu næstu fjögur ár þaðan í frá. Samtök atvinnulífsins tilnefna allt að 80 fulltrúa til setu í ráðinu. Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að ársfundi að tveimur árum liðnum. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

- 5.5. Á dagskrá skulu vera eftirfarandi dagskrárliðir:
1. Skýrsla stjórnar.
 2. Kynning ársreiknings.
 3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
 4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 5. Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og tvo varamenn í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og tveimur varamönnum í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.
 6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
 7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
 8. Kjör endurskoðanda.
 9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal ársreikningurinn gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.
- 7.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Lífeyrisloforð sjóðsins til framtíðar skulu árlega endurskoðuð og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði greina 10.1., en um breytingar á áunnum réttindum fer eftir ákvæðum gr. 7.3. og 7.4.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyris-skuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að auka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykta, eru aukin hlutfallslega jafn mikið. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.
- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykta, hlutfallslega jafnmikið.
- 7.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo

búið má ekki standa og ætla má, miðað við tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. og skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðnum er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:
 - 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum, ríkisvélum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði, sjá skilgreiningu um skipulegan markað í grein 8.3. Þrátt fyrir ákvæði um skráð gengi er lífeyrissjóðnum heimilt að flokka óskráð bréf tengd húsnæðislánum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1972-1994 sem skráð bréf.
 - 8.1.2. Í skuldabréfum sveitarfélaga, enda séu heildarskuldbindingar og ábyrgðir viðkomandi sveitarfélaga innan þeirra marka, sem fjárfestingarstefna sjóðsins setur. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 50% af hreinni eign.
 - 8.1.3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, innan við 65% af metnu markaðsvirði. Ef um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði, þá skal hámark þetta ekki vera hærra en 35%.
 - 8.1.4. Með innlánum í bönkum og sparissjóðum. Samanlögð eign sjóðsins í þessum flokki má ekki vera hærri en 25% af hreinni eign að teknu tilliti til annarra krafna á hendur viðkomandi fjármálastofnun.
 - 8.1.5. Í skuldabréfum og véllum banka, sparissjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 50% af hreinni eign sjóðsins.
 - 8.1.6. Í hlutabréfum. Sjóðnum er eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 50% af hreinni eign sjóðsins.
 - 8.1.7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 30/2003. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Verðbréfasafn að baki skírteinum skal skipt á flokka sbr. gr. 8.1.1.-8.1.9. Ekki er heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Ekki er heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
 - 8.1.8. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Samanlögð eign sjóðsins í lið 8.1.6. og 8.1.8. má ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins. Sjóðnum er ekki heimilt að eiga meira en 15% af útgefnum hlutdeildarskírteinum eða hlutum hvers sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Eign í slíkum sjóðum sem ekki lúta opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
 - 8.1.9. Í öðrum verðbréfum. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Heildarkröfur á hendur einum aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu mega einungis vera 5%. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 50% af hreinni eign sjóðsins.
 - 8.1.10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.
- 8.2. Þrátt fyrir ákvæði um skráningu verðbréfa á skipulegum markaði í liðum 8.1.1., 8.1.2., 8.1.5., 8.1.6., 8.1.8. og 8.1.9. er heimilt að fjárfesta fyrir samanlagt 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum þessara flokka sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af aðilum innan aðildarríkja OECD. Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum eru þó eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir.
- 8.3. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Liechtenstein sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða Liechtenstein skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

- 8.4. Áhætta í erlendum gjaldmiðlum skal takmarkast við 50% af hreinni eign sjóðsins. Erlendum verðbréfum skal skipt á flokka sbr. gr. 8.1.1.- 8.1.9.
- 8.5. Fjárfestingar sjóðsins skulu miðast við að heildarkröfur á hendur einum aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu fari ekki umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð. Strangari reglur eiga við um grein 8.1.9. og er þeirra getið þar.
- 8.6. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum verðbréfum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að endurspegli gleggst fjárfestingarstefnu hans. Á ársfundi sjóðsins skal kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.7. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjald til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 12% og ekki hærra en 15,5% af launatekjum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 9.2. eða 9.3., og mynda þau rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykpta sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka iðgjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um innan ofangreindra marka enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning. [Ákvæði til bráðabirgða: Lágmarksíðgjald skal þó vera 11% til 31.12.2006]
- 9.2. Iðgjald samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.
- 9.3. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga. Um iðgjaldshlutfall fer eftir grein 9.1.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan mánaðar frá lokum iðgjaldsgreiðslutímabils, skal innheimta vanskilavexti skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða starfsmenn þeirra hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilgrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgjaldshlutföll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilgreinarinnar. Liggi ekki annað fyrir skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki 6%.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og móttframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. gr. laga nr. 53/1993. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenn, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa.)

- 9.7. Tvisvar á ári, 1. mars og 1. september, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.
- 9.8. Sendu skal lokaaðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar eða fyrr sé rökstudd ástæða til að ætla að iðgjaldskrafa sé ótrygg.
- 9.9. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 9.7. Heimilt er lífeyrissjóðnum að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.8.
- 9.10. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðenda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.11. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld samkvæmt 9.1. skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. gr. 11.7. b. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag.
- 10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.**
- 10.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Reiknigrundvöllur lífeyrissjóðsins er í viðauka B, sem telst hluti af samþykktum þessum. Þar eru tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins og hvernig áfallnar og heildarskuldbindingar sjóðsins skulu reiknaðar. Eins er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 11.-14. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Reikna skal nýjar töflur árlega á sama tíma og tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1% þá skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá, enda samþykki ársfundur tillögu þar um.
- 10.2. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka A, sbr. þó gr. 10.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neyslulúverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 11.-14. gr., sbr. þó greinar 10.3. og 10.4.
- 10.3.1. Sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum m.v. árslok 2004 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2004. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri ávinnslu til 70 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára skv. töflu I í viðauka A, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega. Hámarksíðgjald

til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélaga, sem er á aldrinum 25 til og með 69 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldsgreiðslum umfram 10% af iðgjaldsstofni. Hafi iðgjaldsgreiðslur það ár ekki endurspeglað venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldsgreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldsgreiðslum sjóðfélagans. Viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.

- 10.3.2. Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 25 ára eða eldri í árslok 2004 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs skv. 10.3.1. sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunariðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal skipta því á einstaka mánuði í sömu hlutföllum og þeim iðgjöldum sem hafa borist. Sá hluti iðgjalda sem er umfram viðmiðunariðgjaldið ávinnur honum réttindi skv. töflu I í viðauka A.
- 10.3.3. Við framreikning réttinda skv. ákvæðum 12.-14. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi. Í framreikningi skal viðmiðunariðgjald sjóðfélaga miðast við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar eins og hún er í viðmiðunarmánuði framreiknings.
- 10.3.4. Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan þriggja mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. júní 2005. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjalds.
- 10.3.5. Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. júní 2005. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnrar ávinnslu skv. ákvæðum þessa kafla telst frá gildistöku samþykktu þessara eða frá þeim tíma er sjóðfélagi fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.
- 10.3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði innan Landssamtaka lífeyrissjóða sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003 um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds skv. framanskráðu. Þá er sjóðnum heimilt að halda samræmda tölvuskra um rétt manna til jafnrar ávinnslu og kveða á um það, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.
- 10.4. Áunnin lífeyrisréttindi eins og þau eru skilgreind í 11.-14. gr. og reiknuð samkvæmt greinum 10.2. og 10.3. skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers réttindatímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings, sbr. gr. 12.11.a. og 13.6.a. og minnkar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema að skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum. Breyting réttinda skv. framanskráðu skal færð í réttindabókhalda sjóðsins miðað við síðasta mánuð þess tímabils sem tryggingafræðileg úttekt skv. 7. kafla samþykktu þessara tekur til, þannig að hækkun eða lækkun lífeyrisgreiðslna taki gildi frá og með næsta mánuði þaðan í frá.

- 10.5. Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna þann 31. maí 2005 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem giltu þann dag í hlutaðeigandi lífeyrissjóðum. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti þann 31. maí 2005 fer skv. meginreglu 2. ml. í gr. 11.2. og 11.3. eins og sýnt er í töflum V og VI í viðauka A.
- 10.6. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktu þessara.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 62 til 70 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.
- 11.2. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.3. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur þá lækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur þegar taka lífeyris hefst. Lækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.4. Við töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur ráðstafar sjóðfélagi Elli- og Örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri hafi hann misst starfsorku sem nemur 50% eða meira.
- 11.5. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal þó ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn og þá án sérstakrar umsóknar. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.
- 11.6. Ellilífeyrir er greiddur sem föst fjárhæð á mánuði til dauðadags samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.
- 11.7. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þannig:
- að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Þessi ákvörðun verður í síðasta lagi tekin sjó árum áður en taka ellilífeyris sjóðfélaga getur fyrst hafist og þá háð því, að sjúkdómar eða heilsufar sjóðfélaga hafi ekki dregið úr lífslíkum. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
 - að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til ellilífeyris skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagans taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla. Auk áunninna réttinda skv. framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 40.000.
 - greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
 - orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.
 - ekki sjálfur átt sök á orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.
- Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hafi til orkutapsins.
- 12.2. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt skilyrði gr. 12.1. um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði allt að 24 mánuði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.
- 12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4. vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu 3 almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2006 sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.
- 12.4. Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða á grundvelli örorkumat trúnaðarlæknis sjóðsins samkvæmt reglum um læknisfræðilegt örorkumat og að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann. Mat á missi starfsorku skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.
- 12.5. Þegar skilyrði 12.1. um iðgjaldsgreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 12.6. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominis tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.
- 12.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12.5., skal um þann framreikning fara sem hér segir:
- reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji

sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald.

- b. Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 12.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.
- c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en svo að svaraði til 350 þúsund króna árslauna fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldsgreiðslur hafa svarað til lægri árslauna en kr. 350.000 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóðsins.

- 12.7. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.
- 12.8. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.9. Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir lækningsskiptum hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélagi og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fengnu áliði trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.
- 12.10. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.11. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 12.1. er ekki lengur fullnægt. Áunnin réttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum vegna:
 - a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - b. aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.
 - c. réttinda sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.Til frádráttar ellilífeyri sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir, sem hann hefur afsalað sér samkvæmt grein 11.7. (skipting ellilífeyrisréttinda).

13. Makalífeyrir

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum fyrir andlátið og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir andlátið og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Óskertur makalífeyrir skv. grein 13.6. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 mánuði og síðan að hálfu í allt að 24 mánuði til viðbótar, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið.

- 13.3. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagans nær 20 ára aldri, enda sé það á framfæri makans.
- 13.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára.
- 13.5. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.
- 13.6. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
 - a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarks makalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - b. aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
 - c. hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

14. Barnalífeyrir.

14.1.1. Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni:

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátíð eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
- b. notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

- 14.1.2. Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.1.3. Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. 14.1.1. greitt iðgjöld að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann falli niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyri hlutfallslega með börnum elli- eða örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé elli- eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. 10.000 á mánuði.
- 14.1.4. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 14.3. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk skv. þessum kafla miðast við útgáfudag gildandi vilyrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingar-

leyfis.

14.4. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns til 18 ára aldurs barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

15.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. þó 15.1.

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

16.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.

16.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélagi og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktu þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna, verðtrygging viðmiðunarfjárhæða.

18.1. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á grundvelli umsóknar á umsóknareyðublöðum frá sjóðnum. Skyld er umsækjanda að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagans samkvæmt samþykktum þessum. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skyld að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi atriði skulu tiltekin í tilkynningu til umsækjanda um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisyfirlitum.

18.2. Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.

18.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skyld að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar taki gildi þann 1. janúar 2007.)

18.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

- 18.5. Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs 230 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein.
- 19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.**
- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.
- 20. Málsmeðferð og gerðardómur.**
- 20.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnáskilgáttar nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 20.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.
- 21. Eftirlit.**
- 21.1. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.
- 22. Séreignardeild.**
- 22.1. Til séreignardeildar er launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt að greiða iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingaverndar skv. lögum nr. 129/1997. Stjórn lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórn séreignardeildarinnar.
- 22.2. Þeir sem vilja greiða til séreignardeildar skulu gera skriflegan samning við sjóðinn í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð með lögnum þar um. Einnig er heimilt á grundvelli kjarasamnings, án skriflegs samnings við sjóðinn, að taka við greiðslum iðgjalds frá atvinnurekanda til séreignarsparnaðar launamanna án framlags af þeirra hálfu.
- 22.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra rétthafa að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsutryggingar. Um útborgun gilda ákvæði 11. gr. laga nr. 129/1997. Séreignardeildin skal eiga aðild að samningi um kaup á slíkum tryggingum og skulu bætur samkvæmt honum renna til sjóðsins og færast sem inneign hjá honum í séreignardeild eða sem réttindi í samtryggingardeild.
- 22.4. Iðgjöld sem greidd eru í séreignardeild skulu vera séreign þess rétthafa er greiðir og tilgreind á sérstökum reikningi hans.
- 22.5. Nettótekjur séreignardeildar skiptast milli rétthafa í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra (sjá þó 22.11.). Eignir sjóðsins skulu uppfærðar daglega miðað við markaðsverð og miðast hlutdeild sjóðfélaga í séreignardeild við þann reiknigrunn.
- 22.6. Framlag í séreignardeild gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.
- 22.7. Heimilt er að hefja útborgun séreignarsparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum þegar rétthafi er orðinn 60 ára á eigi skemmri tíma en 7 árum eða á þeim tíma sem rétthafa vantar uppá 67 ára aldur þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.
- 22.8. Sama rétt til útgreiðslu á rétthafi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar áður en 67 ára aldri er náð. Nú er örorkan metin lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu og útgreiðslutíminn lengist samsvarandi.

- 22.9. Við andlát rétthafa öðlast erfingjar hans rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Börnum rétthafa undir 13 ára aldri skal úthlutað þeim hluta innstæðunnar, sem þeim ber, með jöfnum greiðslum á þeim árum sem vantar á að viðkomandi barn verði 18 ára. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát rétthafa skal hlutur þess greiddur út á 5 árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár. Greiðslum skal þó lokið fyrir 67 ára aldur maka, hafi hann ekki þegar náð honum við andlát rétthafa. Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- 22.10. Ef innstæða rétthafa er undir kr. 500.000 er honum heimilt að fá eingreiðslu eða dreifa útborgun á skemmri tíma en 7 ár, en þó skal mánaðarleg greiðsla ekki vera hærrí en kr. 10.000. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 22.11. Stjórn sjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka deild í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997, sem rétthafi getur valið um í samningi sínum við séreignardeildina.
- 22.12. Rekstur séreignardeildarinnar er fjárhagslega aðskilinn rekstri sjóðsins. Sameiginlegum kostnaði skal skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli rekstrarþátta deilda sjóðsins.
- 22.13. Samningi er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef rétthafi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til sjóðsins, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignardeildar. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Rétthafa er heimilt að flytja inneign sína eða réttindi sín, að undangenginni uppsögn, milli vörsluaðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, gegn greiðslu kostnaðar.
- 22.14. Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. tl. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli rétthafa og maka hans.

23. Breytingar á samþykktum.

- 23.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. fyrir 15. janúar ár hvert. Stjórn sjóðsins skal minnst sex vikum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 eða samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 23.2. Tillaga að breytingu á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.á m. um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar verður einungis tekin fyrir á ársfundi að fyrir liggja samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og launþega sem að sjóðnum standa. Um vægi atkvæða einstakra aðildarfélaga sjóðsins fer þá eftir ákvæðum í gr. 5.3. og þarf þá bæði samþykki tilskilins meirihluta samtaka stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa.
- 23.3. Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármála-ráðuneytis.
- 23.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að bera þær undir ársfund, ef þær leiða af órávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerð. Breytingar sem gerðar eru með heimild í þessari grein skulu kynntar formlega á næsta ársfundi sjóðsins.

24. **Gildistaka.**

Samþykktir þessar öðlast gildi þann 1. júlí 2006 að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytis.

Ákvæði til bráðabirgða 1, um skipan fulltrúaráðs og tilnefningu til stjórnar:

Þrátt fyrir ákvæði gr. 4.1, 5.2. og 5.5. skal fulltrúaráð lífeyrissjóðsins skipað þannig þar til fyrsta endurmat á vægi einstakra félaga hefur farið fyrir ársfund sjóðsins árið 2009:

Stéttarfélögin sem að sjóðnum standa skipa 80 fulltrúa, þannig:

Efning, stéttarfélag	30
Sjómannasamband Íslands	20
Farmanna- og fiskimannasamband	10
Vélstjórafélag Íslands	10
Verkalýðsfélagið Hlíf	8
Félag hársnyrtisveina	1
Bífreiðastjórafélagið Sleipnir	1

Til að tryggja nauðsynlega festu í stjórn sjóðsins og traust sjóðfélaga beggja sjóða á framgangi aðgerða tengdum sameiningu og margháttuðum breytingum á samþykktum skal fyrstu 3 árin haga skipan fulltrúa stéttarfélaga í sjóðstjórn sem hér segir:

Á stofnfundi skulu stéttarfélög sem stóðu að LF velja einn stjórnarmann til eins árs og annan til tveggja ára svo og varamenn þeirra. Þau aðildarsamtök sjóðsins sem tilnefndu stjórnarmenn í LS skulu með sama hætti velja jafn marga aðal- og varamenn og til jafn langs tíma. Á fyrsta reglulega ársfundi sjóðsins skulu sömu samtök og með sömu skilmálum velja tvo fulltrúa og tvo til vara til tveggja ára. Á ársfundi sjóðsins 2007 fer þá um val fulltrúa stéttarfélaganna eftir ákvæðum gr. 4.1. Samtök atvinnulífsins skulu á stofnfundi einnig kjósa tvo menn til eins árs og tvo til tveggja og varamenn með sama hætti, sbr. gr. 4.1.


Framangreindar samþykktir þannig samþykktar á ársfundi sjóðsins 26. apríl 2006.


Reykjavík, 24. maí 2006


Í stjórn Gildis – lífeyrissjóðs



Helgi Laxdal


Vilhjálmur Egilsson



Ari Edwald


Birgir H. Björgvinsson


Friðrik J. Arngrímsson


Sigurður Bessason


Sveinn Hannesson



Þórunn Sveinbjörnsdóttir



Staðfestar samþykktir

Dags. 27.5.2006

F.h.r.


16